

Leempoel o.fl. gegn Belgíu
Dómur frá 9. nóvember 2006
Mál nr. 64772/01

10. gr. Tjáningarfrelsi

Gögn í opinberri rannsókn. Birting persónulegra gagna.

1. Málsatvik

Kærendur eru útgáfufyrirtækið S.A. Editions Ciné Revue með aðsetur í Brussel og ritstjóri tímaritaútgáfu þess, Marcel Leempoel (81 árs), sem er belgískur ríkisborgari og búsettur í Brussel.

Í október 1996 kom belgíska þingið á fót rannsóknarnefnd sem var ætlað að rannsaka framgang sakamálarannsóknar lögreglu og meðferð dómstóla á máli tilgreindra einstaklinga í umtöluðu sakamáli, svokölluðu „Dutroux-máli“. Stjórnandi opinberu rannsóknarinnar, dómari D, gaf nefndinni skýrslu. Að lokinni skýrslutöku óskaði nefndin þess að hann afhenti gögn sem hann hafði meðferðis. Meðal þeirra voru greinilega upplýsingar sem D hafði ekki gert ráð fyrir að láta af hendi, um vörn hans og ráðleggingar lögfræðings um samskipti hans við rannsóknarnefndina. Gögnin voru nefndarmönnum aðgengileg en þeim var hvorki heimilt að afrita þau né hafa þau á brott.

Þann 30. janúar 1997 birti tímaritið Ciné Télé Revue grein með útdráttum úr umræddum gögnum ásamt mynd af D á forsiðu og vakti umfjöllunin mikla athygli. Samdægurs fyrirskipaði héraðsdómur, að kröfu D, að ritstjórinn skyldi, innan þriggja klukkustunda, fjarlægja öll eintök af tímaritinu af sölustöðum að viðlögðum sektum fyrir hvert eintak sem ekki yrði fjarlægt. Einnig var lagt bann við frekari dreifingu viðkomandi tölublaðs tímaritsins. Framangreind niðurstaða var staðfest af dómstól þann 5. febrúar 1997 auk þess sem hún var látin ná til fyrirtækisins í heild sinni, þar sem umrædd gögn hefðu verið trúnaðargögn rannsóknarnefndar þingsins. Birting þeirra hefði brotið í bága við tilhlýðilega málsmeðferð og friðhelgi einkalífs D.

Til tryggingar á greiðslum sekta hafði bankareikningur útgáfufyrirtækisins verið kyrrsettur í janúar 1997. Í september 1997 komst dómstóll að þeirri niðurstöðu að sannanir skorti fyrir því að innköllun blaðsins hefði ekki tekist og voru kyrrsetning og sekt sem lögð hafði verið á það felld úr gildi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærendur töldu að brotið hefði verið í bága við tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Að auki héldu þeir fram að 25. gr. belgísku stjórnarskrárinnar um bann við ritskoðun veitti þeim aukna vernd að þessu leyti. Því kvæði 53. gr. sáttmálans um verndun núverandi mannréttinda á um frekari vernd réttinda þeirra.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að sakfelling kærenda fæli í sér takmörkun á tjáningarfrelsi þeirra sem kveðið væri á um í lögum og stefndi að einu þeirra markmiða sem kveðið væri á um í 2. mgr. 10. gr. sáttmálans um vernd mannorðs eða réttinda annarra. Stöðvun á dreifingu ritsins hafði verið byggð á því að það bryti í bága við rétt D til varnar og friðhelgi einkalífs hans. Að auki væru umrædd gögn vernduð sem gögn rannsóknarnefndar þingsins. Dómstóllinn taldi það ekki órökrétt að telja að réttur viðkomandi til varnar gæti með þessu móti skaðast. Í tengslum við það benti dómstóllinn á að völd rannsóknarnefnda þingsins væru talsverð og að vitnisburður gefinn frammi fyrir slíkri nefnd gæti haft áhrif á stöðu hins yfirheyrða.

Að auki benti dómstóllinn á það að umrædd grein lyti að hagsmunum almennings sem þegar hefðu hlotið mikla umfjöllun. Störf rannsóknarnefndarinnar hefðu hlotið mikla opinbera umfjöllun og stuðlað að frekari umræðu um meðferð lögreglu og dómsvalds á umræddu sakamáli. Hins vegar væri ekki unnt að telja að greinin hefði þjónað almannahagsmunum, þar sem skýrslutökur af D hefðu farið fram í beinni útsendingu og almenningur því verið að fullu upplýstur um það sem þar fór fram.

Að því er varðaði afskipti af einkalífi D taldi dómstóllinn að greinin lyti aðallega að persónu hans og að hún birti meðal annars efni minnispunkta sem væru persónulegir og tengdust ekki almannahagsmunum. Kærendum hefði ekki tekist að réttlæta slíka birtingu. Að auki hefðu umrædd skjöl afhjúpað meginkjarna varnar viðkomandi. Slíkt teldist vera hluti af einkalífi hans og nauðsyn væri á að vernda þær upplýsingar gegn utanaðkomandi afskiptum.

Dómstóllinn taldi að umrædd grein og dreifing ritsins hefði ekki verið þáttur í umræðu er lyti að almannahagsmunum og því hefðu röksemdir belgískra dómstóla að baki ákvörðunum sínum bæði verið viðeigandi og nægjanlegar. Skerðing á tjáningarfrelsi kærenda hefði verið í samræmi við þau markmið sem leitast væri við að ná og teldist nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Einróma niðurstaða dómstólsins var að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Í ljósi framangreindrar niðurstöðu taldi dómstóllinn ekki nauðsyn á að taka til skoðunar kvörtun kærenda á grundvelli 53. gr. sáttmálans.